



Ísafjarðarbær
Birgir Gunnarsson, bærjarstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 4. maí 2021
Tilv.: SRN20040074/4.14.0

Ráðuneytið vísar til fundar ráðherra með forseta bærjarstjórnar og bærjarstjóra Ísafjarðarbæjar 19. mars sl. varðandi þjónustu- og öryggisstig á Flateyrarvegi, m.a. út frá möguleikum á atvinnuuppbyggingu á Flateyri.

Jafnframt er vísað til niðurstaðna starfshóps forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem falið var að móta tillögur um aðgerðir til að treysta atvinnulíf og búsetu á Flateyri í kjölfar snjóflóðsins 14. janúar 2020. Ein tillaga starfshópsins fól í sér að Vegagerðinni í samstarfi við Veðurstofuna ynni valkostagreiningu á mögulegum breytingum sem leiða myndu til bættra snjóflóðavarna á Flateyrarvegi um Hvilftarströnd og mæti þann kostnað sem af því hlytist.

Vegagerðin hefur nú tekið saman tillögur að aðgerðum sem talið er að séu til þess fallnar að bæta öryggi og auka þjónustustig á Flateyrarvegi, sbr. meðfylgjandi minnisblað frá 29. apríl sl. Er um þrjár aðgerðir að ræða sem talið er að hver um sig myndi kosta á bilinu 120-180 m.kr.

Að mati ráðuneytisins er mikilvægt að þessar tillögur verði teknar til nánari umfjöllunar og forgangsroðunar við gerð tillögu að nýrri fimm ára samgönguáætlun sem nú er í undirbúningi. Mun ráðuneytið leggja áherslu á að þeirri vinnu verði veitt brautargengi og að tillögurnar verði unnar í góðu samráði við Ísafjarðarbæ.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Ólafur Kr. Hjörleifsson

Fylgiskj.: Minnisblað Vegagerðarinnar, dags. 29. apríl 2021.

Ljósrit: Vegagerðin
Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík